

Athyglisbrestur með eða án ofvirkni meðal framhaldsskólanema

Í Menntaskólanum á Egilsstöðum var unnið tilraunaverkefni sem fólst í því að veita þremur nemendum með athyglisbrest með eða án ofvirkni (ADHD) sérstakan stuðning. Ástæðan fyrir því að farið var af stað með tilraunaverkefnið var sú að safnast hafði upp reynsla í skólanum í tengslum við vinnu með nemendum með ADHD. Markmiðið var að leitast við að finna út hvernig stuðning nemendur í framhaldsskóla þurfa, sem greinst hafa með ADHD, til að nám þeirra geti orðið árangursríkt. Árangur tilraunaverkefnisins var kannaður með eigindlegri rannsókn í tengslum við MSW ritgerð í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Rannsóknin fólst í viðtölum við nemendur, foreldra þeirra og kennara í ME. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að skólaganga þessara nemenda getur verið mjög erfið og þeir þurfa oft mikinn stuðning til að geta haldið áfram námi. Í rannsókninni var leitast við að varpa ljósi á árangur tilraunaverkefnisins.

Alvarlegasti vandinn á unglingsárum

Staðan á Íslandi er sú að börn með ADHD eiga skilgreindan rétt til þjónustu í leikskólum og grunnskólum en ekki í framhaldsskólum. Í ljósi þeirrar þekkingar sem til er í dag er ljóst að vandi þeirra sem eru með ADHD getur verið mestur á unglingsárum við upphaf framhaldsskólagöngu og undarlegt er að ekki virðist vera gert ráð fyrir sérstakri þjónustu innan framhaldsskólanna til að koma til móts við þá. Samkvæmt íslenskum lögum er sjálfræðisaldur miðaður við 18 ár og því kemur á óvart þessi mikli munur sem virðist vera á þjónustu við einstaklinga með ADHD í leik- og grunnskólum annars vegar og framhaldsskólum hinsvegar. Ekki hefur verið gerð íslensk rannsókn á því hvernig þessum ein-

staklingum hefur vegnað í framhaldsskólum en erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á mikið brottfall úr þessum hópi.

Þrír nemendur fengu aukinn stuðning

Til að þróa úrræði sem koma til móts við nemendur í ME með ADHD var farið af stað með tilraunaverkefni haustið 2004 sem fólst í auknum stuðningi við þrjá nemendur sem greinst höfðu með ADHD og samstarfi við foreldra þeirra. Einn þessara nemenda hafði útskrifast af almennri braut og var skráður á félagsfræðibraut en hinir tveir voru nýnemar, annar þeirra var skráður á félagsfræðibraut en hinn á almenna braut. Byrjað var á því að boða þessa nemendur og foreldra þeirra í viðtal og jafnframt var leitað eftir samstarfi við kennara þeirra. Ákveðið var að stuðningurinn yrði með þeim hætti að haldið yrði utan um skipulag heimanáms þeirra, stöðugt samband væri við kennara þeirra þar sem leitað var eftir upplýsingum um það hvað þau ættu að læra heima og síðan var gerður listi vikulega þar sem fram kom hvað ætti að læra fyrir hvern dag. Einnig voru fengnar vikulega upplýsingar hjá kennurum um hvernig verkefnaskil væru og almenn ástundun í náminu. Nemendur hittu síðan umsjónaraðila tilraunaverkefnisins vikulega þar sem farið var yfir það hvernig gengi í náminu og ef eitthvað var að þá voru þau aðstoðuð við að leita lausna. Í hverjum mánuði var haft samband við foreldra nemendanna og farið yfir hvernig gengi í náminu í skólanum og hvernig gengi með heimanám. Tveir af nemendum fengu sérkennslutíma í þeim greinum sem þeir voru slakastir.

Sérúrræða er þörf til að tryggja velgengi

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að einkenni ADHD geta haft mikil

áhrif á nám í framhaldsskóla og sérúrræða er þörf til að nemendum geti gengið vel í námi sínu. Sá stuðningur sem nemendur fengu í þessu tilraunaverkefni kom þeim að góðum notum en var langt því frá að vera nægur. Foreldrar voru mjög ánægðir með að þekking á ADHD var til staðar í skólanum og þakklátir fyrir þá þjónustu sem börn þeirra fengu. Engu að síður voru foreldrar áhyggjufullir um framtíð barna sinna og hvort þau fengju stuðning áfram. Fram kom hjá kennurum að þeir búa við mikið vinnuálag og þeir hafi vart tíma til að sinna slíkum nemendum í stórum hópum. Af niðurstöðum rannsóknarinnar má ætla að stórauka þurfi stuðning við nemendur með ADHD í framhaldsskólum og að auka þurfi samstarf við foreldra þeirra. Þróa þarf úrræði sem taka á vanda þessara nemenda, s.s. til að þjálfa einbeitingu, tímastjórnun, skipulagshæfni og leiðbeina þeim í gagnlegri námstækni.

Í MSW ritgerðinni er m.a. fjallað um ýmis úrræði sem reynst hafa gagnleg fyrir nemendur með ADHD í framhaldsskólum erlendis. Það er von rannsakanda að með því að varpa ljósi á þjónustuþörf framhaldsskólanema sem eru með ADHD ýti undir frekari umræðu og hvetji til betri þjónustu fyrir þennan hóp. Takist það fá fleiri með ADHD tækifæri til að nýta hæfileika sína til menntunar og auka þannig lífsgæði sín og vellíðan.

Þess má geta að lokum að Menntaskólinn á Egilsstöðum fékk á síðasta ári kr. 300.000 í styrk frá menntamálaráðuneytinu til stuðnings nemendum með ADHD.

Sigrún Harðardóttir, höfundur er kennari, náms- og starfsráðgjafi og félagsráðgjafi MSW við Menntaskólann á Egilsstöðum.